

Erindisbréf starfshóps um uppbyggingu frístundamiðstöðvar

Skipan:

Hópurinn skipa Arna Ír Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi, fulltrúi D-lista, Bragi Bjarnason, deildastjóri frístunda- og menningardeildar, Gunnar Eysteinn Sigurbjörnsson, frístunda- og forvarnafulltrúi og Atli Marel Vokes, sviðstjóri mannvirkja og umhverfissviðs.

Arna Ír Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi og formaður fræðslunefndar er formaður hópsins.

Verkefni:

Móta tillögur ásamt kostnaðaráætlun að uppbyggingu frístundamiðstöðvar í Árborg með ítarlegri þarfagreiningu og forsögn um verkefnið sem lögð verði fyrir bæjarstjórn Árborgar. Til grundvallar vinnu hópsins er skýrsla Braga Bjarnasonar um fýsileika þess fyrir Sveitarfélagið Árborg að ráðast í uppbyggingu frístundamiðstöðvar í Árborg.

Hópurinn hafi við vinnu sýna sem víðtækast samráð við hagsmunaaðila og hefur heimild til að boða þá til fundar eins og þarf.

Starfshópurinn hefur í samræmi við fjárheimildir verkefnisins heimild til að kalla að sérfræðinga til aðstoðar.

Tími:

Hópurinn skal skila af sér til bæjarstjórnar fyrir 31. janúar 2021.

Þóknun:

Nefndarmönnum skal greidd þóknun í samræmi við 43. gr. samþykkt um stjórn og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 665/2019.

Samþykkt í bæjarráði 17. sept. 2020
